

Umhverfisráðuneytið
Sigríður Auður Arnardóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. ágúst 2011
2011070004/42-1-2
TB
jgo/tb

Skipulagsreglugerð, landsskipulagsstefna

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufraðistofnunar Íslands um drög að nýrrri skipulagsreglugerð þ.e. kafla um landsskipulagsstefnu.

Náttúrufraðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda reglugerð. Landsskipulagsstefna er stefnumótandi hvað varðar samræmingu ólíkra opinberra áætlana fyrir landið, sérstaklega m.t.t. skipulagsmála. Þær áætlanir sem um ræðir byggja á sérstökum lögum en skipulagsreglugerð um landsskipulagsstefnu er umgjörð um verklag við vinnslu landsskipulagsstefnunnar. Að mati Náttúrufraðistofnunar er því ekki ástæða nú til að áréttu eða tilgreina í þessari reglugerð kröfur t.d. um ákveðnar gæðakröfur s.s. um náttúrfarsupplýsingar sem þurfa að liggja að baki stefnunni enda á það frekar við um vinnslu hverrar áætlunar fyrir sig. Framangreind drög að hluta nýrrar skipulagsreglugerðar eru vel unnin að mati Náttúrufraðistofnunar og gerir stofnunin aðeins eina lítilsháttar athugasemd en 1. mgr. segir í lok 2. málsliðarog samtök á sviði atvinnuvega og umhverfisverndar. Svo virðist sem að í „stofnanamáli“ sé mikil tilhneiting til að útrýma orðinu náttúra í ýmsu samhengi s.s. að eingöngu séu til umhverfisverndarsamtök. Á það skal bent að margir og þ.á.m. Náttúrufraðistofnun Íslands telja umhverfi og náttúru ekki vera sama hlutinn heldur er umhverfi sá hluti náttúrunnar sem maðurinn hefur mótað, umhverfi mannsins, og umhverfi því mengi í orðinu náttúra. Hér ber því að nefna náttúru- og umhverfisverndarsamtök sbr. t.d. Náttúruverndarsamtök Íslands.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

